

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. september 1979.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunnamjöli fyrir framleiðslutímabilið 20. júlí til 31. desember 1979.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunnamjöli fyrir framleiðslutímabilið 20. júlí til 31. desember 1979:

Kolmunnamjöl, \$ 7.80 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. september 1979.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlingsmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. ágúst til 31. desember 1979.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlingsmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. ágúst til 31. desember 1979:

Spærlingsmjöl, \$ 7.80 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.